



Sjóstangaveiðimót dagana 12. og 13. ágúst 2016

Akureyri, 27. júlí 2016.

Ágæti veiðifélagi

Næst síðasta mótið í mótaröðinni 2016 verður hjá SjóAk að þessu sinni. Spennan í Íslandsmótinu er í algleymingi og nú fer hver að verða síðastur að safna stigum. Róið er frá Dalvík báða dagana. Keppt verður í blönduðum sveitum. Boðið verður upp á eins dags veiði ef næg þátttaka fæst. Þeir sem kjósa eins dags veiði verður úthlutað veiðidegi í samræmi við óskir þeirra ef mögulegt er. Við munum veita verðlaun fyrir eins dags veiðina.

Mótsskrá

Fimmtudagur 11. ágúst 2016

- Kl. 20:00 Skipagata 14, súpa í boði SjóAk, að hætti Önnu Bjarkar.
Kl. 20:30 **Mótssætning í Ánni 4.hæð í Íslandsbankahúsinu á Akureyri.** Þátttakendur boðnir velkomnir og mótsöggn afhent.



Föstudagur 12. ágúst 2016

- Kl. 05:30 Mæting í síðasta lagi á bryggju.
Kl. 06:00 Lagt af stað til veiða frá Dalvíkurhöfn.
Kl. 14:00 Veiðum hætt, haldið til hafnar, heitt kaffi, kakó og bakkelsi bíður þín á bryggjunni.

Aflatölur dagsins verða birtar á netinu, www.sjol.is og í nestiskassa daginn eftir ☺

Laugardagur 13. ágúst 2016

- Kl. 05:30 Mæting í síðasta lagi á bryggju.
Kl. 06:00 Lagt af stað til veiða frá Dalvíkurhöfn.
Kl. 14:00 Veiðum hætt, haldið til hafnar, heitt kaffi, kakó og bakkelsi bíður þín á bryggjunni.

Lokahóf SjóAk í Golfskálanum Jaðri Akureyri.

- Kl. 20:00 Húsið opnar.
Kl. 20:30 Hátíðin sett.
Kl. 20:40 Borðhald hefst.
Verðlaunaafhending hjá SjóAk.
Kl. 23:30 Mótsslit. Tónlist dunar ef veiðimenn verða í stuði ☺

Mótsgjald er kr. 15.000,- og innifalinn er einn miði á lokahófið. Aukamiði á lokahóf kostar kr. 5.000,-. Þátttaka tilkynnist til formanns þíns félags í síðasta lagi **sunnudaginn 07. ágúst 2016.**

Sjóstangaveiðimót dagana 12. og 13. ágúst 2016

Gisting:

Gistimöguleikar á Akureyri er t.d.

Í bakgarðinum hjá Guðrúnu og Sigfúsi. Þar verður boðið uppá að gista í tveimur uppsettum feliðhúsum með aðgang að heimili þeirra hjóna.

Einnig minnum við á að á Akureyri er fjöldinn allur af gistimöguleikum.

Gistimöguleikar á Dalvík eru:

Vegamót: Hagstæð gisting í smáhúsum, gestahúsi og gistiheimili, svefnpokaplass og uppábúin rúm, sími 865-8391

Fosshótel Dalvík sími: 466-3395.

Við viljum benda sjóstangaveiðifólki á að sum stéttarfélög greiða niður gistingu fyrir félagsmenn sína með svokölluðum gistiðum. Athugaðu hvort þitt stéttarfélag geri slíkt og þá verður gistingin ennþá ódýrari.

Rúta:

Rúta á lokahóf frá Dalvík kl. 18:55 á Árskógssandi kl. 19:10 (fer 19:20) og á Hauganesi kl. 19:25 (fer 19:35). Rútan fer til baka kl. 00.30

Skráning:

Skráning er hjá Sigfúsi í síma 461-2842 og 896-3277 eða sigfus@framtal.com



Bestu kveðjur og hlökkum til að sjá ykkur sem flest
Stjórn SjóAk.

